

**Sp. 1000. Tillaga til þingsályktunar**  
um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Vestmannaeyjakaupstað.

(Eftir fyrri umr.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs — gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, — allt að þriggja milljóna króna lán, þó ekki yfir 85% heildarkostnaðar, vegna stækkunar raforkustöðvar og rafleiðslukerfis Vestmannaeyjakaupstaðar. Ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem ráðuneytið samþykkir.